

REGLUGERÐ

81

16. apríl

fyrir Suður-Múlasýslu og Neskaupstað um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil o. fl.

I. Um hreinsun afrétta og heimalanda frá dýrbíti.

1. gr.

Allir búendur, sem sauðfé eiga, eru skyldir til ár hvert að gera tvær grenjaleitir í afréttum og heimalöndum á tímabilinu frá 5 til 8 vikur af sumri. Skal hreppsnefndin ákveða leitarþaga hvert sinn nokkrum dögum fyrirfram með seðli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrétti, og ákveða leitarþvæði. Skal engu ráða um þessa kvöð, hverjir afréttinn nota, þó þannig, að þetta á ekki við þar, sem tveir eða fleiri afréttir tilheyra sama hreppi, því þar, sem svo stendur á, skal hreppsnefnd helzt láta hvern leita í þeim afrétti, sem hann notar.

Rétt er hreppsnefnd að kveðja tvo menn til leitar frá þeim, sem flest fé eiga og liðflestir eru, enda er henni heimilt að veita bágstöddum búendum undanþágu frá grenjaleit í afrétti. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þó má hún undanskilja þau heimalönd, sem eru svo lítil, að heita má, að daglega sé um gengið, enda séu þar ekki grenjastöðvar. Hreppsnefnd er heimilt með samþykki almenns sveitafundar að velja aðeins fáa menn til þess að leita grenja og jafnvel að fela framkvæmd þeirra mála einum manni, ef hún telur þeim málum með því betur borgið. Greiðist þá kostnaðurinn úr sveitarsjóði.

Grenjaleitarþaga skal ákveða aðra í heimalöndum en á afréttum, nema hvorttveggja verði hæglega leitað sama dag. Nú hlýðir búandi ekki fyrir mælum hreppsnefndar að leggja mann (menn) í grenjaleitir ákveðna daga, eða leitarmaður óhlýðnast leitarstjóra, varðar það sektum frá 20 til 50 krónur. Sama varðar, ef búandi leggur til ónýtan mann í leit. Ræður um það álit leitarstjóra, hversu nýtur sá var.

Nú kemur upp dýrbítur eftir grenjaleitir, og skipar þá hreppsnefnd nýjar leitir, ákveður tölu leitarmanna og hverjir leita skuli. Finnist þá enn eigi gren, og séu líkur til, að dýrbítur sé úr nærliggjandi hreppi, skal hreppsnefnd gera kröfu til viðkomandi hreppsnefndar um, að hún skipi grenjaleit að nýju. Nú sinnir hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps ekki kröfu frá þeim hreppi, sem fyrir dýrbítinum verður, um grenjaleit á hinu grunaða svæði, og getur þá leitarþvæði kvatt menn til leitarinnar. Kostnaður við slíka leit greiðist úr sveitarsjóði eftir samngjörnum reikningi, en finnst gren á hinu grunaða svæði, skal sá hreppur, er grenið finnst í, endurgreiða allan kostnað af leitinni og greninu eftir að það finnst.

2. gr.

Grenjaleitarmenn skulu kjósa sér leitarstjóra, nema hreppsnefnd hafi áður gert það. Ber öllum í þeirri leit að hlíta fyrir mælum leitarstjóra. Skyldur er hver að taka við kosningu sem leitarstjóri, ella sekur um 5 til 10 krónur.

3. gr.

Hreppsnefnd skal útvega svo marga hafa skotmenn og varaskotmenn, sem þörf krefur vor hvert, á gren þau, er finnast á afréttum eða í heimalöndum sveitarinnar, og eru menn skyldir að láta sig fala, nema gild forföll banni, gegn 10 kr. launum um sólarhringinn. Skotmaður ræður vökumann gegn jafnháum launum. Báðir leggja þeir sér allt, sem þeir með þurfa, hvor í sínu lagi.

4. gr.

Þegar gren finnst, skal fara með það, þangað til skotmaður kemur, eftir fyrirsögn leitarstjóra, og hafi hann til þess ákveðna reglu í sveitarsamþykkt. Nú veikist skotmaður eða fatlast á annan hátt, svo að hann verður að yfirgefa gren; skal hann þá tafarlaust tilkynna það varaskotmanni, en vökumaður annast gren, þar til skotmaður kemur, og eigi má skotmaður yfirgefa gren innan þriggja sólarhringa, nema fullunnið sé. Sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækslu um vinnslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eftir mála-vöxtum samkvæmt ákvæðum hreppsnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar.

5. gr.

Skotmaður skal fá 8 kr. fyrir fyrri dýrið, er hann vinnur við gren, en 15 krónur fyrir hið síðara og 2 krónur fyrir hvern yrðling auk daglauna. Yrðlinga þá, er nást lifandi á greni, skal annaðhvort drepa eða hafa í öruggri vörzlu. Sleppi yrðlingur, sem búið er að ná, varðar það sektum, 50 kr. fyrir hvern. Skinn öll og yrðlingar eru eign hreppsins.

Nú sýna einhverjir sveitarmenn dugnað í því að eyða refum með dýrhundum, skotum úr skothúsum, dýrabogum, gildrum eða með því að ganga uppi refi og skjóta þá o. s. frv. Skal þá borga þeim 10 kr. fyrir hvert dýr. Það greiðist úr sýslusjóði. Bani maður tóu á þennan hátt og vilji laun fyrir taka, skal hann sýna skinnið hreppstjóra eða oddvita, er þá brennir eða sker mark í útveginn og gefi síðan vottorð um.

6. gr.

Refum skal eyða árlega með eitri (stryknin), og skal það bera út á vetrum um eða eftir miðjan vetur. Eitra skal rjúpu, kindur í heilu líki eða annað slíkt. Af eitruðum rjúpum skal stýfa hægri væng til hálf. Sæta skal færi með úthurð eiturs, þegar hörkur ganga. Sýni hreppsnefnd eða þeir, sem hún skipar til að framkvæma eiturútburð, vanrækslu á því, varðar það sektum frá 25 til 50 krónum.

7. gr.

81

Allan kostnað til refaveiða annan en grenjaleitir með þeim undantekningum, sem fram eru teknar í 1. gr. 3. málsgrein, og þeim, er um ræðir í síðari málsgrein 5. gr., skal greiða úr hreppssjóði. 16. apríl

II. Um fjármörk.

8. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa glöggð eyrnamark á fé sinu og brennimark eða önnur jafnglögg einkenni, ef mark verður óglöggð.

Enginn má hafa fleiri en tvö eyrnamörk. Hver hreppur skal hafa eyrnamark og brennimark samkvæmt sýslunefndarsamþykkt 1901, 27. gr. Þau eru:

Fyrir Geithellnahrepp	SM.	10
— Beruneshrepp	SM.	9
— Breiðdalshrepp	SM.	8
— Skriðdalshrepp	SM.	3
— Vallahrepp	SM.	2
— Eiðahrepp	SM.	1
— Mjóafjarðarhrepp	SM.	4
— Norðfjarðarhrepp	SM.	5
— Reyðarfjarðarhrepp	SM.	6
— Fáskrúðsfjarðarhrepp	SM.	7
— Stöðvahrepp	SM.	11
— Búðahrepp	SM.	12
— Eskifjarðarhrepp	SM.	13
— Helgustaðahrepp	SM.	14
— Neskaupstað (áður Neshrepp)	SM.	15

* Allir fjáreigendur eru skyldir að nota brennimark dvalarhrepps síns á öllu fullorðnu, hyrndu sauðfé. Enginn má nota tölustafi fyrir brennimark öðruvísi en á eftir bókstöfum.

9. gr.

Markaskrár ganga í gildi 15. sept., þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug, og fellur þá eldri markaskrá úr gildi.

Sýslunefnd kýs mann til að raða skipulega og rétt fjármörkum í sýslunni 5. hvert ár næst á undan, að markaskrá á að ganga í gildi, og annast um prentun hennar. Leita skal samkomulags við sýslunefnd Norður-Múlasýslu um markaskrásetjara og sameiginlega útgáfu markaskrár fyrir báðar sýslurnar.

Sveitarstjórnir skulu safna mörkum hver í sínum hreppi, og greiði hver markeigandi ákveðna borgun fyrir mörk sín eftir fyrirmælum sýslunefnda, enda er hver markeigandi skyldur að hafa mörk sín í gildandi markaskrá. Mörkin skulu þegar send til skrásetjarans, og skal hann sjá um, að markaskráin sé komin heim í hreppana fyrir 15. maí það ár, sem hún á að ganga í gildi. Kaup-

- 81 menn og kaupfélög og þeir aðrir, sem kaupa fé til slátrunar að hausti, skulu
16. apríl skyldir að hafa á fé því glögg einkenni, olíumál eða tjöru, á snöggklipptum bletti í hnakka, sinn sérstaka lit hver. Litareinkenni þessi gilda því aðeins sem eignarheimild, að þau séu skrásett í gildandi markaskrá sýslunnar. Sé það vanrækt, skal fara með fé þeirra sem óskilafé.

10. gr.

Nú sýnir það sig við röðun marka hjá markaskrásetjara, að fleiri en einn hafa tekið upp sama markið eða svo lík mörk, að ætla má, að misdráttur geti orðið af, og skal hann þá tilkynna það hlutaðeigendum og eftir því, sem unnt er, að rannsaka, hver hefir fyrsta rétt til marksins. Skal sá hafa fyrsta rétt, sem tekið hefir upp gamalt erfðamark, þó niður hafi fallið um hrið, þar næst sá, sem keypt hefir mark, þá sá, sem áður hefir búið á markasvæðinu, en sá minnstan, sem flytur að með mark sitt af öðru markasvæði.

Nú verður ekki úr því skorið, hver hafi fyllstan rétt til eignar á marki, sem óskast prentað í markaskránni og markaskrásetjari nær ekki samkomulagi við hlutaðeigendur um breytingu á mörkum, og hefir hann þá vald til þess að breyta mörkum og prenta þau, eins og hann telur bezt fyrir hlutaðeigendur, en gæta skal hann þess við slíkar breytingar að breyta sem minnstu út frá mörkum þeim, er hlutaðeigendur óskuðu að fá.

11. gr.

Nú er ekki mark einhvers í skránni, og enginn réttarmanna þekkir mark hans. Skulu þá réttarstjórar fara með það fé sem óskilafé. Komi eigandi síðar til, fær hann fé sitt, en borgar allan áfallinn kostnað og auk þess hæfilegt gjald til viðkomandi sveitarsjóðs fyrir vanrækslu sína. Geti hann sannað, að hann hafi ekki vanrækt skyldu sína samkv. 9. og 12. gr., er hann sýkn.

12. gr.

Þegar einhver tekur upp mark, eftir að safnað er mörkum til markaskrár, en áður en til nýrrar er safnað, eða kemur með mark sitt inn í sýsluna, þá skal hann fyrir 15. júní tilkynna það oddvitanum í sínum hreppi, og skal hann fyrir lok júnímánaðar senda oddvita sýslunefndar skýrslu um mörkin ásamt ákveðnu gjaldi fyrir hvert mark. Oddviti sýslunefndar sér síðan um, að mörk þessi verði prentuð og þeim útbýtt á sama hátt sem markaskrárm. Leiðréttingar á rangprentuðum mörkum skal sýslusjóður borga og útbýta á sama hátt.

III. Um notkun afrétta.

13. gr.

Afréttur er þar, sem venja hefir verið, enda sé eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri. Eftir því skal í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heima-

lönd og ákveða takmörk. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga innansveitar- 81
menn. Skulu þau takmörk gilda, sem þeir ákveða. Ákvæði gerðarmanna skulu 16. apríl
rituð í gerðabók hreppsins eða geymd við skjalasafn hans.

14. gr.

Hver búandi er skyldur að reka sauðfé sitt og þeirra manna, sem hjá hon-
um eiga fé, á einhvern sveitarafrétt ellegar á afrétt annara sveita, og er honum
það heimilt. Sekt varðar, ef hann sleppir sauðfé sínu í heimalandi, og skal hún
ekki vera lægri en 10 aurar fyrir hverja kind. Þó má hreppsnefnd leyfa undan-
þágu, þar sem afréttarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.

15. gr.

Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrétt, sem hann getur rekið fé sitt á.
Þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana að útvega sér afrétt. Vinn-
ist henni það ekki, er honum vítalaut að hafa fé sitt í heimalandi, en varast
skal hann að reka það í annara lönd eða að þeim. Skyldur er búandi að reka á
afrétt, sem fæst, sé hann ekki meira en hálfa þingmannaleið á burtu.

16. gr.

Þegar fé rennur á sumrum af afrétti í heimalönd, svo spillir málnytu og
engjum búenda, mega þeir, sem fyrir átroðning verða, kveðja næstu búendur,
er á þann afrétt ráku, er fé rann úr, að leggja menn til að reka fé á afrétt að nýju.
Þó skulu utansveitarmenn lausir við þá kvöð. Skyldir eru þeir, sem næstir búa
afrétti, að varna geldfé, hvað þeir geta án verulegs kostnaðar, að renna út um
sveit.

17. gr.

Nú þykir tveimur eða fleiri búendum ofsett fé á einn sveitarafrétt frekar en
annan og bera það upp fyrir hreppsnefnd. Þá skal hún láta búendur kjósa 3 menn
til að gera áætlun um eftir kunnugleikum og því, sem reynzt hefir, hversu margt
fé sá afréttur muni bera til góðra nota. Þessa áætlun auglýsir hreppsnefnd hrepps-
búum og afréttarbónda, og skal hún rituð í gerðabók hreppsins. Ber afréttar-
bónda að haga fjártöku í afréttum eftir þeirri áætlun. Sekt varðar, ef hann
tekur 100 fleiri en ákveðið var. Um upphæð afréttartolla verður að fara eftir
því, sem tíðkast í hverri sveit, 2—6 aurar á hverja kind. Ákvæði þetta gildir
jafnt fyrir lömb sem fullorðið fé.

Nú þykir einhverjum hreppi ofsett á afrétt nágrannahrepps, og verður af
þeim ástæðum fyrir ágangi af afréttarfé; er þeim hreppi heimilt að krefjast
þess, að skipuð sé þriggja manna nefnd til að ákveða í afréttinn. Nefndin skip-
ast þannig: Viðkomandi hreppsnefndir kjósa sinn manninn hvor, og sýslumaður
skipar þriðja manninn. Ber afréttareiganda að haga fjártöku í afréttinn eftir
mati þessara manna.

18. gr.

Ef ábúandi rekur eða lætur reka fé sitt heimildarlaust í annars manns heima-
land eða afrétt, má landráðandi bera sig upp um það fyrir héraðsdómara.

IV. Um fjallgöngur.

19. gr.

Þrjár skulu löggöngur haust hvert. Skal byrja hina fyrstu í allri Suður-Múlasýslu hinn 23. september og svo með viku millibili. Ef veður bannar eða ónýtir göngur á réttum göngudegi, skal taka næsta færan dag. Þó skal eigi byrja fjallgöngur á helgum degi, nema nauðsyn krefji. Heimilt skal hreppsnefnd að skipa aukagöngur fyrir og eftir löggöngur vegna iskyggilegs veðurfars, eða ef aðalgöngur misheppnast, og hvíla þá sömu skyldur á búendum, sem löggöngur væru.

20. gr.

Skipa skal hreppsnefnd eina eða fleiri göngur að vorinu á afréttir og í heimalönd, meðan fé er í ullu og lömb og ómörkuð. Skulu oddvitar hreppsnefnda koma sér saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli.

21. gr.

Hreppsnefnd skal kveðja menn með gönguseðlum fyrirfram til hvernar göngu, ákveða þar, hverjir skulu ganga hvert afréttarsvæði, kjósa gangnaforingja eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna.

Enginn má skorast undan gangnaforustu, nema hann sé löglega hindraður. Sektum varðar, ef á móti er brotið.

Í sömu seðlum skal og ákveða göngudaga í heimalöndum, og skulu þeir vera hinir sömu og á afréttum. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða aðra göngudaga í heimalöndum, ef mannfæð eða annað gerir samgöngur óframkvæmanlegar.

V. Um skyldur búenda við fjallgöngur.

22. gr.

Skyldur er hver hreppsbúi, sem sjálfum sér er ráðandi og hefir undir hendi 10 kindur eða fleiri, sem á fjall ganga, að leggja mann eða menn í allar fjallgöngur, sem hreppsnefnd ákveður. Sömu skyldur hafa utanhreppsmenn, sem afrétt nota í hreppnum.

Þó er heimilt að skylda þá, er færri kindur eiga en tíu, að leggja menn í göngur, ef þörf þykir að dómi fjallskilaneftndar. Nes-sameignin skal skyld að leggja 5 til 8 menn í göngur samkvæmt ákvörðun fjallskilaneftndar. Þeir fjáreigendur, sem sleppa fé sínu í heimalandi Nesjarðarinnar án þess að eiga aðgang að upprekstrarlandi utan bæjar, skulu skyldir að hlýða þeim ákvæðum um skil, er fjallskilaneftnd ákveður.

Skyldur er hver að hreinsa heimaland sitt. Hreppsnefnd skal sem mest fara eftir fjárhæð búenda, er hún ákveður göngumenn og tölu þeirra frá hverju heimili. Þar skal hver ganga, sem hreppsnefnd ákveður. Húsbóndi annast fjallskil

fyrir hjú sín og aðra, sem eru á hans vegum og eru ekki gangnaskyldir samkvæmt fyrri málsgrein. 81

16. apríl

23. gr.

Veita má hreppsnefnd bágstöddum og heilsulitlum einyrkjum undanþágu frá einni eða fleiri göngum, sömuleiðis þeim, sem mjög fátt fé eiga.

24. gr.

Nú hefir búandi engan göngufæran mann eða ekki nógu marga, og skal hann þá fá mann (menn) fyrir sig.

25. gr.

Þar sem afréttir eru viðlendir, og hreppsnefnd þykir þurfa, skal á kostnað sveitarinnar byggja göngukofa á hentugum stöðum, svo að göngumenn geti notið húsaskjóls, þegar þarf, meðan á göngum stendur. Þeir kofar skulu vera svo rúmgóðir, að í þeim geti verið allir þeir menn, sem þann afrétt þurfa að ganga. Þrep skulu vera umhverfis í þeim eða með annari hlið svo breið, að menn geti legið á þeim þvers um, og hafa á þeim hey eða lyng til mýkinda. Svo skal ganga frá dyrum, að ekki fenni inn á vetrum. Tóft skal byggja hjá göngukofa til að hafa kindur í um nótt, er finnast í seinni göngum, þá er menn þrýtur dag til að ná til byggða.

26. gr.

Enginn fjáreigandi má skorast undan að leggja menn í þær göngur, sem hér eru ákveðnar og hreppsnefnd nefnir menn til. Leggi hann eigi liðgengan mann í hverja af þeim, er hann sekur um 15 til 40 krónur fyrir hverja göngu, sem hann lætur mann vanta í, nema hann hafi fengið undanþágu. Sömu sekt skal varða, ef hann lætur ónýtan mann í löggöngu, en því minni, sem heldur verður not að léttingi, sem hann sendir. Um það skal mestu ráða vottorð gangnaforingja, enda er hann aðili þessara mála. Skotið getur hlutaðeigandi máli sínu til sýslunefndar, þyki honum sér gerð of há fjallskil, og fá þá endurgjald úr sveitarsjóði, falli úrskurður þeim í vil, en hlíta verða þeir í svip fyrirmælum sveitarstjórnar.

27. gr.

Nú eiga einhverjir búendur fé á afréttum annara hreppa, og verður að leggja þangað menn í göngur; skulu þeir engu að síður skyldir til að hreinsa heimalönd sín og leggja menn í allar göngur í sínum hreppi eftir því og þar, sem hreppsnefnd ákveður, nema þeir hafi ekki getað fengið afrétt í sínum hreppi og hafi fengið vottorð þar um, eða þeir sanni, að sá afréttur sé ofhlaðinn. Hreppsnefnd má veita undanþágu frá þessari ákvörðun, ef henni virðist ástæða til.

VI. Um gangnaforingja.

28. gr.

Þeir, sem eiga að ganga hvern afrétt eða hverja samgöngu, skulu koma saman á næsta bæ við hann eða í göngukofa næsta dag fyrir göngudag. Þar skulu

- 81 þeir kjósa, ef hreppsnefnd hefir eigi áður kosið, gangnaforingja, sem vel er kunn-
16. apríl ugur afréttinum og þekktur að ráðdeild og gætni.

Fatlist gangnaforingi, kjósa göngumenn annan í hans stað úr sínum flokki.

29. gr.

Pegar gangnaforingi er kosinn, skal hann skipta liði sínu og ákveða, hvar hverjir skuli ganga, hvað langt og hvernig færa skuli féð saman eftir landslagi. Hann ákveður, hverjir gæta skuli fundins fjár og hverjir gera viðari leitir, enda eiga gangnamenn hans ráða að leita, ef til hans nær, á meðan á göngum stendur og nýrra úrræða þarf.

Allir í samgöngu eru skyldir að hlýða gangnaforingja, meðan á göngum stendur, og bregða eigi út af, meðan fært er. Sektum varðar, ef gangnamenn óhlýðnast skipun gangnaforingja.

30. gr.

Nú spillist veður eða göngur ónýtast fyrsta gangnadaginn. Skal þá gangnaforingi skipa nýja göngu næsta dag, ef veður leyfir, og eigi hverfa frá fyrr en svo er hreinsaður afréttur, sem kostur er á að því sinni.

31. gr.

Pegar gangnaforinginn vanrækir svo skyldur sínar, að mjög sýnist vitavert, varðar það sektum eftir málavöxtum.

VII. Um réttir og fjárdrátt.

32. gr.

Lögréttir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður með ráðum búenda. Þær réttir skulu byggja og halda við þeir hrepps-búar, sem þær nota helzt, eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

Pegar lögrétt skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rétt eiga uppi að halda, og svo marga, sem hún ætlar að þurfi. Réttarbóndi skal stýra þeim verkum eða sá, sem hreppsnefnd ákveður. Ef sá kemur eigi til réttarhleðslu, sem kvaddur er, þá skal hann greiða 8 kr. fyrir hvert dagsverk, er honum ber að vinna. Sama skylda hvílir á utansveitarmönnum, sem afrétti eiga og nota.

33. gr.

Til lögrétta skal allt fé rekast á haustum, þá er gengið er, úr afréttum og heimalöndum, — ef það kemur ekki í bága við sveitarsamþykkt viðkomandi hreppa um það efni, — og draga það þar sundur eftir mörkum og einkennum, sem markaskrár og dráttarmenn segja til.

34. gr.

Réttarstjóri skal vera við hverja lögrétt, þá er dregið er. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Réttarstjóri skal segja fyrir, hvernig draga skuli, hvaða fé

fyrst og eftir hvaða röð. Hann skal hafa í höndum markaskrá sýslunnar og hinna næstu sýslna og einnig hinar skriflegu marklýsingar, sem til hreppsnefndar hafa komið og ekki eru áður færðar inn í markaskrá hreppsins. Þegar allt fé hinna næstu hreppa er dregið, svo úrtíningurinn er eftir, skal réttarstjóri fá til 2 eða fleiri gætna menn og markglögga að draga úr honum allt það fé, sem eigendur finnast að, en því fé, sem enginn finnst eigandi að, ráðstafar hann til hreppsnefndaroddvita eða þess manns, er hreppsnefnd hefir falið að veita því móttöku. Allir dráttarmenn í lögréttum eru skyldir að hlýða fyrir mælum réttarstjóra. Sektum varðar öll óhlýðni við hann.

81

16. apríl

35. gr.

Þegar fé kemur fram í lögrétt, sem enginn veit hver á, markað eða ómarkað, þá skal réttarstjóri skora á réttarmenn að leita eftir mæðrum, sem helgi sér ómerkinga, sammerkinga og lömb með vafamörkum. Nú verða þær eigi fundnar, og lætur hann þá auðkenna þessi lömb hreppsmarki eða brennimarki, en merktu kindurnar lit eða lagði, verði ekki komið á þær að minnsta kosti brennimarki hreppsins, og skrifa nákvæma lýsingu marka og einkenna á þeim. Eftirrit af þeirri lýsingu skal hann senda þá þegar til oddvita, sem aftur sendir lýsingarnar með fyrstu ferð oddvitum hreppsnefnda í næstu hreppum. Sama ber að gera, ef óskilafé kemur fram í hreppum eftir réttir. Það skal afhenda hreppsnefnd til umsjónar.

VIII. Um rekstra.

36. gr.

Utansveitarfé, sem kemur fyrir í lögréttum og enginn er til að taka á móti, skal dregið í rekstra eftir því, sem það á samleið, og rekið hrepp úr hreppi beinu leið til eigenda. Hreppsþúar hvers hrepps annast rekstur um sinn hrepp og til næsta bæjar í næsta hreppi, sem rekstur á leið um, ef innan sýslu eru. Um rekstra í aðrar sýslur fer eftir venju í hreppum þeim, er að sýslumerkjum liggja, eða samkomulagi hreppsnefnda þar.

Sláturfé kaupmanna og kaupfélaga, sem rekið er til kaupstaða, er stranglega bannað að sleppa mannlausu yfir nætur í afrétti eða heimalönd manna. Skulu rekstrarmenn hafa það í girðingum eða réttum um nætur. Þeir skulu á rekstrarleiðum gæta þess vandlega, ef annað fé lendir saman við, að skilja það frá og visa í rétta átt og gera sem minnst ónæði á fénaði búenda. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum frá 50 til 200 krónum. Sömu viðurlögum sætir það, ef það sannast, að fé manna rekst til ógreiða með sláturfjárrekstrum. Skyld er kaupfélögum og kaupmönnum og þeim öðrum, sem fjártöku hafa að haustinu, að hafa á sinn kostnað markglöggan mann, sem sjái um, að fé sé ekki tekið til lógunar í misgripum.

81

16. apríl

37. gr.

Hver hreppsnefnd ákveður rekstrarleið um sinn hrepp og til næstu hreppa, en þeir, sem taka við rekstrum á lögréttum, skulu að öllu með þá fara, sem réttarstjóri mælir fyrir. Hann skal láta seðla um mark og markeigendur fylgja þeim kindum, sem eru með óglöggum mörkum eða markið ekki í gildandi markaskrá. Rekstrarskyldir eru allir, sem hafa jörð til ábúðar, eins tómthúsmenn, sem grasnyt hafa og einhverja gripi, ef þeir eru gagnaskyldir.

38. gr.

Sýni einstakir fjáreigendur sérstaka vanhirðu í því að halda fénaði sínum í heimahögum, eftir að aðrir eru farnir að vakta sitt, en láti hann renna út um sveit öðrum til erfiðisauka og tafar, skulu þeir sektum sæta. Eins skal það sektum varða fyrir eigendur eftir málavöxtum, ef hrútar eru látnir ganga úti milli Marteinsmessu og 30. apríl.

39. gr.

Rekstrar skulu tafarlaust reknir bæ frá bæ, en kannaðir á hverjum bæ af húsráðanda eða öðrum í hans stað ásamt fylgiseðlum og tekið úr það fé, sem ekki á samleið lengra eða rangrekið kann að vera og því snúið til réttar áttar.

Nú er enginn rekstrarfær maður heima, þar sem við rekstri skal taka, og rekur þá sá, er með rekstur kom, til næsta rekstrarfærs manns eftir að hafa kannað reksturinn, en heimtar endurgjald af hreppsnefnd sinni og hún aftur af búanda þeim, sem reka átti. Þar sem þorp eru, hvort sem er sérstakur hreppur eða ekki, skal hafa rétt eða áhaldi fyrir rekstra við báða enda þorpsins og taka þar á móti rekstrum; er rekstrarmanni skylt að skila þangað rekstrum og segja til þeirra.

Eina kind er óskylt að reka, en varðveita hana með heimafénaði og gera eiganda aðvart við fyrsta tækifæri eða koma henni í rekstur, sem fara kann í rétta átt.

40. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá, sem hann eigi, reki ekki hart, svelti eigi, láti eigi standa inni í illum húsum eða úti í illviðrum. Lýsingarseðlum, sem rekstrum fylgja, má enginn týna, en afhenda þá með rekstrinum. Ef öðruvísi er farið með rekstra, varðar það sektum eftir málavöxtum.

41. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna þeim. Varðar sektum, ef upp kemst.

42. gr.

Nú kemur fram utansveitarfé eftir löggöngur, og skal finnandi tafarlaust segja til þess oddvita hreppsnefndar, sem ráðstafar því eftir málavöxtum.

Fyrir óheimt fé, sem á afréttum finnst eftir löggöngur, geta finnendur kraf-

ízt fundarlauna. Þau skal hreppsnefnd ákveða, ef finnandi og eigandi verða eigi 81
ásáttir eða eigandi er fjarlægur. Skal hún greiða þau til bráðabirgða, en telja með 16. apríl
fyrirhafnarkostnaði á kindunum. Kindurnar má þegar selja til lúkningar, ef eig-
andi vill ekki greiða.

Fundarlaun skulu vera eftir atvikum $\frac{1}{8}$ --- $\frac{1}{2}$ af verði hinna fundnu kindu
eftir mati hreppsnefnda.

43. gr.

Þegar áfelli dettur á, svo hýsa þarf og gefa utansveitarfé, meðan á löggöng-
um stendur, þá skal þar hirða, sem það er statt, nema hreppsnefnd hafi öðruvisi
fyrir mælt.

Hver hreppur er skyldur að reka fé í næsta hrepp yfir fjallveg úr hverri
löggöngu og auk þess 1—2 rekstra á tímabilinu frá síðustu löggöngu til októ-
bermánaðarloka. Komi utanhreppsfé fyrir eftir þann tíma, skal tilkynna það
oddvita þess hrepps, sem fé á heima í, með hraðboða til ráðstöfunar. Verði því
ekki ráðstafað og greiddur kostnaður, verður það selt og meðhöndlað sem óskila-
fé hreppsins, sbr. 47. gr.

IX. Um óskilafé.

44. gr.

Það er skylda hvers manns, er hann finnur dilk ómarkaðan á sumrum og
hann getur handsamað dilk og móður, að marka hann móðurmarki á eyrum eða
hornum.

45. gr.

Þegar lýsing á óskilafé er komin til oddvita hreppsnefndar, skal hann aug-
lýsa hana sem fyrst í sínum hreppi með því að láta eftirrit af henni berast bæ
frá bæ eða á annan hátt, sem hreppsnefnd þykir bezt henta. Nú finnst eigandi
þar að óskilakind, og auglýsir oddviti það hreppsnefnd þar, sem óskilakindur
eru, og gerir ráðstöfun til, að kindin verði sótt.

46. gr.

Komi áfelli áður en óskilafé er selt, skulu þeir, sem féð er hjá, annast það
eftir föngum. Allan kostnað vegna óskilafjár skal borga í bráð úr sveitarsjóði,
þegar hreppsnefnd hefir samþykkt hann.

47. gr.

Í annari löggöngu má selja alla ómerkinga, sem ekki hafa fundizt eigendur
að, við opinbert upphöð, en annað óskilafé og utanhreppsfé, sbr. 42. gr., getur
hreppsnefnd látið hreppstjóra selja við lok októbermánaðar. Komi eigandi fram
fyrir næstu fardaga og sanni eignarrétt sinn á seldum óskilakindum, skal hon-
um skilað andvirðinu að frádregnum kostnaði; ella rennur það í sveitarsjóð.

81

16. apríl

Skýrslu um óskilafé, mörk þess og einkenni sendir hreppsstjóri þegar eftir uppboðið sýslumanni, er annist um birtingu í Lögbirtingablaðinu. Auglýsinga-kostnaður greiðist úr sýslusjóði.

48. gr.

X. Um sektir.

49. gr.

Sektir fyrir brot á reglugerð þessari, þar sem þær eru ekki ákveðnar við sérstakar greinar, skulu vera frá 10 til 100 krónur, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Þó falla sektir samkvæmt 36. gr. til þess, er fyrir ágangi verður. Öll brot gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

50. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugerð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd, og skal með það farið sem fyrir er mælt í 38. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil m. fl. frá 10. sept. 1919, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi, sem samin hefir verið og samþykkt af sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927 og lögum nr. 108 1933, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.